

Umhverfisstofnun	
Áb.	KG
	6E
83. maí 2012	657
8-121	
Tilv. 4572011100155	U5720122400081



Silfurstjarnan hf.

Glerárgötu 30

600 Akureyri

## UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík

sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566

postur@umhverfisraduneyti.is

[www.umhverfisraduneyti.is](http://www.umhverfisraduneyti.is)

Reykjavík 30. apríl 2012

Tilv.: UMH11110062/20-1

Visað er til erindis yðar frá 6. apríl 2011 þar sem sótt er um undanþágu frá starfsleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, fyrir starfsemi Silfurstjörnunnar í Öxarfirði. Starfsleyfi fyrirtækisins var gefið út hinn 14. júní 2005 og gildir til 1. júlí 2017.

Ráðuneytið leitaði umsagnar Umhverfisstofnunar í samræmi við 1. mgr. 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og barst umsögn stofnunarinnar ráðuneytinu með bréfi hinn 19. janúar sl.

Í umsögn stofnunarinnar kemur fram að Silfurstjarnan óski eftir fresti til þess að uppfylla kröfur um hreinsun á settjörn, sbr. grein 2.7 og kröfur um losunarmörk, sbr. gr. 2.4. í starfsleyfi fyrirtækisins. Fyrirtækið óski eftir frestinum til að gera úttekt á því hversu mikla mengun viðtakinn þoli m.t.t. fosfórs og köfnunarefnis. Heimild sé fyrir því að rýmka eða þrengja mörk út frá slíkri úttekt, sbr. grein 2.4 í starfsleyfinu. Frárennslí Silfurstjörnunnar renni í Brunná. Frá árósum Brunnár og frárennslisopi fyrirtækisins séu um 1,0 til 1,5 km. Setþró hjá fiskeldi Silfurstjörnunnar hafi síðast verið tæmd í kringum árið 2005 en Umhverfisstofnun hafi margítrekað það í eftirliti að hreinsa þurfí setþróna sem hafi ekki verið gert. Í eftirliti undanfarinna ára hafi ekki orðið vart við aukin þörungargrður cða þekjur af rotverum við útrásarop en mælingar hafi sýnt að losun hafi verið yfir mörkum. Á árinu 2011 hafi fyrirtækið gert fjölmargar mælingar á viðtakanum og losun næringaeftina. Að meðaltali hafi losunin árið 2011 verið um 66 kg köfnunarefnis á hvert framleitt tonn af fiski og um 17 kg fosfór á hvert framleitt tonn. Mörk starfsleyfis séu um 60 kg af köfnunarefnini á hvert framleitt tonn og 7 kg af fosfór fyrir hvert framleitt tonn. Losun köfnunarefnis sé því lítillega yfir mörkum en þó líklegast innan skekkjumarka. Losun fosfórs sé þó greinilega vel yfir mörkum. Fram kemur í umsögninni að fyrirtækið hafi gert vöktunarmælingar á viðtakanum. Niðurstöður sýni að það virðist ekki greinast nein aukning á fosfór vegna frárennslis þegar litíð er til mælinga í viðtakanum fyrir ofan og neðan frárennslisopið. Hugsanlega sé einhver aukning á köfnunarefni þegar litíð er til mælinga í apríl og júlí 2011 en að engin áhrif hafi mælst í september þegar án er sem vatnsmest. Að teknu tilliti til gagna í umsókn Silfurstjörnunnar og með hliðsjón af framangreindu leggist Umhverfisstofnun ekki gegn því að undanþága frá tilgreindum kröfum verði veitt.

Að fenginni framangreindri umsögn Umhverfisstofnunar veitir ráðuneytið hér með Silfurstjörnunni tímabundna undanþágu frá kröfum um hreinsun á settjörn, sbr. grein 2.7 og kröfur um losunarmörk, sbr. gr. 2.4. í starfsleyfi fyrirtækisins sem gefið var út af Umhverfisstofnun hinn 14. júní 2005 enda verði eftirfarandi skilyrði uppsyllt:


1. Fyrirtækið haldi áfram þeirri vöktun sem hafin er og skili niðurstöðum og öðrum viðeigandi gögnum til Umhverfisstofnunar fyrir 1. apríl 2013.
2. Fyrirtækið afli gagna, hvort sem þau byggist á mælingum eða áætlunum, um rennsli Brunnár nálægt athafnarsvæði Silfurstjörnunnar. Gögnin skulu sýna rennslissveiflur árinnað yfir heilt ár.
3. Fyrirtækið geri Umhverfisstofnun eigi síðar en 1. ágúst 2012 grein fyrir hugsanlegum förgunar- eða endurnýtingarleiðum fyrir seyru frá stöðinni. Tilgreina skal áætlað árlegt magn seyru, fjarlægð til næsta viðurkennda förgunarstaðar, fjarlægð til hugsanlegra uppgræðslusvæða og áætlaðan kostnað við förgun eða nýtingu seyru við uppgræðslu.

Undanþagan gildir lengst til 1. september 2013 og er háð því að starfsemi fiskeldisstöðvarinnar verði að öðru leyti í samræmi við starfsleyfi stöðvarinnar sem gefið var út af Umhverfisstofnun hinn 14. júní 2005.

Á grundvelli þeirra gagna sem tilgreind eru í töluliðum 1 til 3 hér að framan mun Umhverfisstofnun endurskoða starfsleyfi Silfurstjörnunnar. Niðurstaða þeirra endurskoðunar geti annað hvort orðið til þess að unnið verði nýtt starfsleyfi eða að fyrirtækinu verði gert að uppfylla öll skilyrði núverandi starfsleyfis frá 1. september 2013.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg  
Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Íris Bjargmundsdóttir  
Íris Bjargmundsdóttir

Afrit:  
Umhverfisstofnun  
Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra.